

## Helstu áherslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra apríl 2017

- **Fjarskipti:** Sveitarstjórn Húnaþings vestra fagnar því að mikilvægi lagningu ljósleiðara á landsbyggðinni hafi verið viðurkennt. Hins vegar vantar verulega aukið fjármagn í málaflokkinn svo sveitarfélög geti lagt ljósleiðara í dreifbýli. Ljósleiðari hefur almenna efnahagslega þýðingu og ætti því að falla utan samkeppnislaga.

Þá er úrbóta þörf á fjarskipta- og GSM- sambandi víða innan sveitarfélagsins sem og almennt á þjóðvegi 1. Nægt GSM samband er jafnan talið vera stór öryggisþáttur bæði fyrir ferðamenn sem og íbúa.
- **Samgöngur:** Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur áherslu á að samgönguáætlun taki mið af þörfum ferðabjónustu, fjölgun ferðamanna og öryggi þeirra.
  - Breyting á vegstæði og byggingu brúar/stokks við Tjarnará er á samgönguáætlun 2018 og mun það breyta miklu, sérstaklega fyrir skólabörn á leið í skóla á vetrum. Mikilvægt er að fjármagn verði veitt svo að sú framkvæmd verði að veruleika. Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur jafnframt ríka áherslu á að þegar í stað verði fundin leið til að koma Vatnsnesvegi í viðunandi horf. Samkvæmt tölum frá Vegagerðinni frá 2016 fóru um 102 þúsund bifreiðar um Vatnsnesveg yfir sumarið, tímabilið maí – september. Ef miðað er við tölur um fjölgun heimsókna ferðamanna í upplýsingamiðstöð ferðamanna sem staðsett er á Selasetrinu á Hvammstanga á milli árána 2015 og 2016 og það sem af er árinu 2017 má áætla að þessi tala hækki verulega með hverju árinu sem líður.
  - Með tilkomu nýs 56 herbergja hótels á Laugarbakka er orðið brýnt að lagfæra og breikka gatnamót Laugarbakka við þjóðveg 1. Núverandi gatnamót taka ekki mið af stóraukinni umferð og þess að ferðamenn nýta gjarnan það litla útskot sem til staðar er, sem áningastað og skapa þannig stórhættu.
- **Löggæsla:** Sveitarstjórn Húnaþings vestra krefst þess að löggæsla verði aukin í sveitarfélaginu og sett verði upp lögreglustöð með fastri viðveru lögreglumanna á Hvammstanga. Samkvæmt upplýsingum frá Slökkviliði Húnaþings vestra og Björgunarsveitinni Húnum eru þau oft á tíðum að sinna almennri löggæslu á Holtavörðuheidi s.s. lokun vega, stjórnun umferðar, og almennri aðstoð við vegfarendur. Því má leiða líkum að því að með óbreyttu fyrirkomulagi séu sveitarfélagið og vinnustaðir í Húnaþingi vestra að niðurgreiða löggæslu á Norðurlandi vestra.
- **Sauðfjárveikivarnir:** Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill áréttta mikilvægi sauðfjárveikivarna og að nægjanlegu fjármagni sé varið í varnarlinur til að koma í veg fyrir að smit berist á milli hólfa. Fjöldi fjár fór á milli varnarhólfa í Húnaþingi vestra sl. sumar og er þar um að ræða fé af riðusvæðum yfir á ósýkt svæði að meirihluta til. Einnig er brýnt að skerpa verklag þegar upp koma riðutilfelli. Nauðsynlegt er að til sé í landinu færanlegur brennsluofn til að ekki þurfi að fara með sýkt hræ landshluta á milli.
- **Eftirlitsstofnanir á sveitarstjórnarstigið:** Nokkuð hefur borið á vilja ríkisins til að setja eftirlitsstofnanir í hendur ríkisins. Hugmyndin er ágæt og lítur vel út á blaði en reynslan er að sýna annað. Það sem helst má nefna í því samhengi er;

- **Forðagæsla.** Matvælastofnun hefur nú alfarið tekið yfir eftirlit með forðagæslu og er skýrslum skilað þangað. Sveitarfélagið fær þær sendar en ef landeigendur telja ekki rétt fram þá eru úrræði MAST fá þrátt fyrir skýr ákvæði í lögum. Í tölvupóstum og samtölum ber MAST fyrir sig skort á fjármagni. Veldur þetta nokkrum deilum og óþægindum innan sveitarfélagsins og fjallskiladeilda þeirra. Annað hvort þarf að tryggja að Matvælastofnun hafi nægilega fjármuni til að sinna þeim verkefnum sem þeim er falið eða að koma eftirlitinu aftur yfir á sveitarstjórnastigið, en sú framkvæmd gekk vel þegar var.
  - **Heilbrigðiseftirlit.** Uppi hafa verið hugmyndir um stækkun eftirlitssvæða heilbrigðiseftirlits. Í ljósi reynslunnar leggur sveitarstjórn Húnaþings vestra áherslu á að fallið verði frá þeim hugmyndum. Umdæmi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er nú þegar mjög víðfeðmt. Verði eftirlitssvæðin látin ná yfir mikið stærra svæði er hætta á að slíkar breytingar skerði þjónustu og að ákvarðanataka verði fjarlæg gagnvart fyrirtækjum og almannahagsmunum. Ákvarðanir eru nú í höndum þeirra sem til þekkja. Núverandi fyrirkomulag hefur reynst vel á svæðinu og góð sátt og samvinna meðal sveitarfélaganna um verkefnið.
  - **Eftirlit með heimagistingu.** Nú er eftirlitið alfarið hjá sýslumanninum í Reykjavík og er því engin leið fyrir sveitarfélög að átta sig á umfangi heimagistingar eða gera ráð fyrir í skipulagi og þjónustu. Sveitarfélagið veit ekki hverjir hafa fengið leyfi til heimagistingar út frá 90 daga reglunni, engar tilkynningar eða upplýsingar þess efnis eru sendar út, hvorki til byggingarfulltrúa né á skrifstofu sveitarfélagsins. Þetta veldur vandræðum þegar verið er að skipuleggja svæði með tilliti til bílastæða sem og þegar huga þarf að snjómokstri, sorphirðu, götusópun o.s.frv.
- **Tekjustofnar sveitarfélaga.** Betri sátt þarf að nást um skiptingu tekna milli ríkis og sveitarfélaga. Má þar helst nefna:
- **Lækkun tryggingagjalds:** Mikilvægt er að lækka tryggingagjald sem fyrst. Launatengd gjöld eru íþyngjandi.
  - **Tekjur af ferðamönnum.** Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur áherslu á að sveitarfélögum verði tryggðar auknar tekjur til að mæta útgjöldum vegna ferðapjónustu.
- **Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, dreifnám á Hvammstanga.** Mikil ánægja er með dreifnám á Hvammstanga. Ljóst er að það munar heimilin miklu að geta haft börnin lengur heima. Kostnaður við að senda barn í framhaldsskóla er oft íþyngjandi. Leiða má rök að því að það sé réttlætismál að geta menntað börn í heimabyggð þar til sjálfræðisaldri er náð. Dreifnámið styrkir ekki aðeins búsetuskilyrði í Húnaþingi vestra heldur einnig það mikilvæga starf sem unnið er í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki þar sem sýnt þykir að fleiri börn skili sér þangað eftir að dreifnám lýkur en annars. Sveitarstjórn Húnaþings vestra þakkar mikilvægan stuðning við dreifnám á Hvammstanga og leggur áherslu á að áfram verði staðinn vörður um fjármögnun þess.